

**Skipulagsfulltrúi**

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 63
450 Patriksfirði
vesturbyggd@vesturbyggd.is

Ágæti skipulagsfulltrúi.

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga og þeirra mannbreytinga, sem oftast fylgja í kjölfar kosninga, í ráðum og nefndum sveitarfélaga vill Vegagerðin minna á mikilvægi samráðs á skipulagsstigi vegna samgangna enda eru góðar samgöngur og umferðaröryggi hagsmunir allra.

Síða 1/1

Lög og reglur tryggja að samráð sé haft á milli sveitarfélaga og ríkis þegar kemur að skipulagi samgangna. Gott samráð tryggir almennt góða niðurstöðu og auðveldar formlegan framgang mála. Þetta á við hvað varðar öll skipulagsstig en Vegagerðin minnir sérstaklega á samráð varðandi aðalskipulag þar sem sveitarstjórnnum ber að loknum sveitarstjórnarkosningum að meta hvort ástæða sé til að endurskoða gildandi aðalskipulag.

Vegagerðin stóð fyrir gerð leiðbeininga sem heita *Vegir og skipulag* og er að finna á heimasíðu Vegagerðarinnar. Með leiðbeiningunum er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli og leitast við að lágmarka óvissu um ábyrgð og skyldur aðila. Eindregið er mælt með notkun leiðbeininganna. Starfsfólk Vegagerðarinnar er tilbúið að mæta á fundi með nýjum nefndum og ráðum sem hafa með samgöngumál að gera, til að ræða einstök málefni eða skipulag og samgöngur almennt.

Vegagerðin óskar ykkur góðs gengis á því kjörtímabili sem nú er að hefjast.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Erna Bára Hreinsdóttir
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

vegagerdin
@vegagerdin.is